

Nd.

25. Tillaga

til þingsályktunar um skipun viðskiftamálanefndar.

Flutningsmenn: Þorsteinn Jónsson, Sveinn Ólafsson, Gunnar Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Stefán Stefánsson og
Þorleifur Guðmundsson.

Nedri deild Alþingis ályktar að skipa 7 manna nefnd til að rannsaka, athuga og gera tillögur um, hvort tiltækilegt sje og á hvern hátt tiltækilegast:

1. Að hefta röggssamlega innflutning varnings, sem þjóðin getur án verið.
2. Að koma sölu afurða landsins undir eina stjórn og eftirlit ríkisstjórnarinnar um það, hvernig andvirði þeirra sje varið.
3. Að taka til meðferðar önnur viðskiftamál, ef verkast vill.

Ástæður.

Það er ljóst, að fjárþröng sú, sem nú er svo almenn hjér í landi, stafar fyrst og fremst af því, að þjóðin hefir keypt og kaupir meira af útlendum varningi en sem svarar andvirði útfluttrar vöru. Til þess að rjetta við hag þjóðarinnar og bæta úr viðskiftahallanum virðist eina örugga ráðið að takmarka svo innflutninginn, að útfluttar vörur nemi hærra verði en þær innfluttu og að andvirði útfluttra vara komi þjóðinni að fullu gagni. Eins og nú horfir við, virðist þetta tæpast geta orðið, nema með röggssamlegri aðstoð ríkisstjórnarinnar.

Jafnframt nefndum viðskiftahömlum virðist einnig óþjákvæmilegt að athuga, hvernig fara heri með gengismun, þjóðinni í óhag, sem í reyndinni er kominn á íslenskan verðmiðil.